

Byggðarannsóknasjóður 2026

Styrkir Byggðarannsóknasjóðs fyrir árið 2026 voru auglýstir 23. janúar og var opið fyrir umsóknir til hádegis 4. mars. Alls bárust 28 umsóknir. Til úthlutunar voru 17,5 m.kr. Styrkirnir eru fjármagnaðir af fjárlagalið byggðaáætlunar og með framlagi frá Byggðastofnun. Stjórn Byggðastofnunar samþykkti á fundi 28. mars, þá tillögu stjórnar Byggðarannsóknasjóðs, að styrkja fimm eftirfarandi verkefni¹.

1. Samfélagsáhrif menningar í landsbyggðum: Lífsánægja, félagsleg tengsl og búseta

Styrkþegi er Listaháskóli Íslands, Þorbjörg Daphne Hall. Styrkupp hæð: 3.800.000 kr.

Með verkefninu er miðað að því að greina samfélagsáhrif menningar, lista og skapandi greina og tengsl þeirra við upplifun einstaklinga af búsetu og samfélagi. Annars vegar verður byggt á spurningakönnun á landsvísu og hins vegar á eigindlegri gagnaöflun á Norðurlandi eystra, með rýnihópum og viðtölum. Markmiðið er að skoða tengsl menningarneyslu og þátttöku í listum við lífsánægju, félagsleg tengsl og búsetu.

2. Matvælaframleiðsla og staðbundin nýting: Kortlagning framleiðslu og svæðisbundinnar nýtingar á Austurlandi 2023-2025

Styrkþegi: Austurbrú ses., Hrafnkatla Eiríksdóttir. Styrkupp hæð: 3.400.000 kr.

Rannsókn sem kortleggur matvælaframleiðslu á Austurlandi á árunum 2023-2025 og metur magn og hversu stór hluti framleiðslunnar er nýttur innan svæðisins. Verkefnið sameinar opinber gögn og viðbótargagnaöflun frá smærri framleiðendum í eitt gagnasafn með skýru verklagi til endurtekningar. Niðurstöður skapa grunnlínu yfir matvælaframleiðslu á Austurlandi til að meta árangur aðgerða í byggða- og atvinnuþróunarverkefnum.

3. Getur saga Flateyjar á Skjálfanda og Skála á Langanesi verið gagnleg brothættum byggðum nútímans? – Fortíð, nútíð og framtíð brothættra byggða

Styrkþegi: Þekkingarnet Þingeyinga, Helena Eydís Ingólfssdóttir.

Styrkupp hæð: 4.500.000 kr.

Í verkefninu verður greint hvers vegna opinberar og samfélagslegar tilraunir til að viðhalda byggð í Flatey á Skjálfanda og á Skálum á Langanesi báru ekki árangur og hvað læra megi af þeirri þróun. Jafnframt er gerður samanburður við brothætta byggð sem tekið hefur þátt í verkefninu Brothættar byggðir. Byggt er á skjölum, viðtölum og

¹ Athugið að röðun verkefna felur ekki í sér mat á gæðum umsókna/verkefna.

samanburði við aðferðafræði Brothættra byggða með það að markmiði að móta hagnýt viðmið og verkfæri fyrir stefnumótun og snemmtækar aðgerðir.

4. *Rural Tourism AI Workshop / Vinnustofa um gervigreind í ferðaþjónustu*

Styrkþegi: Gunnar Ólafsson, Magdalena Falter. Styrkupp hæð: 2.400.000 kr.

Þetta verkefni felur í sér hagnýta gervigreindarvinnustofu fyrir lítil og örsmá ferðaþjónustufyrirtæki á Suðurlandi. Hún býður upp á verklega þjálfun og leiðsagða tilraunavinnu sem hjálpar þátttakendum að skilja þær áskoranir og möguleika sem fylgja gervigreind. Með því að efla stafræna færni og hagnýta þekkingu er markmið verkefnisins að auka samkeppnishæfni, seiglu og sjálfbæra staðbundna verðmæta-sköpun. Sú innsýn og þau notkunardæmi sem verða til í verkefninu verður síðan miðlað til ferðaþjónustusamfélagsins á svæðinu í heild.

5. *Almyrkvi á sólu 2026: Stýring og samhæfing í dreifðum byggðum*

Styrkþegi: Rannsóknamiðstöð ferðamála, Vera Vilhjálmisdóttir.

Styrkupp hæð: 3.400.000 kr.

Rannsóknin fjallar um hvernig sveitarfélög og aðrir lykilaðilar takast á við aukna aðsókn gesta í tengslum við almyrkva á sólu þann 12. ágúst 2026. Skoðað verður hvernig undirbúningi, samhæfingu og ákvarðanatöku er háttað þegar tímabundið álag vegna stórra atburða reynir á innviði og þjónustu í dreifðum byggðum þegar margir sækja sömu svæði á sama tíma. Rannsóknin dregur fram hvernig tókst til þegar á reyndi og hvaða þættir styrkja eða veikja getu áfangastaða til að bregðast við álaginu.

Byggðarannsóknasjóður 2025

Styrkir Byggðarannsóknasjóðs fyrir árið 2025 voru auglýstir 22. janúar og var opið fyrir umsóknir til hádegis 3. mars. Alls bárust 21 umsókn. Til úthlutunar voru 17,5 m.kr. Styrkirnir eru fjármagnaðir af fjárlagalið byggðaáætlunar og með framlagi frá Byggðastofnun. Stjórn Byggðastofnunar samþykkti á fundi 27. mars, þá tillögu stjórnar Byggðarannsóknasjóðs, að styrkja fimm eftirfarandi verkefni².

1. Strandveiðar og byggðakvótar: Verður auknum umsvifum í strandveiðum og byggðakvótum vart í auknum atvinnutekjum eða útsvarstekjum viðkomandi sveitarfélaga?

Styrkþegi er Rannsóknasetur í byggða- og sveitarstjórnarmálum við Háskólann á Bifröst, Vífill Karlsson. Styrkuppþæð: 3.300.000 kr.

Verkefnið strandveiðar og byggðakvótar hverfist um eftirfarandi spurningu: Verður auknum umsvifum í strandveiðum og byggðakvótum vart í auknum atvinnutekjum eða útsvarstekjum viðkomandi sveitarfélaga? Þó athyglinni sé beint að strandveiðum og byggðakvótum þá verða aðrir pottar íslenska fiskveiðistjórnunarkerfisins skoðaðir líka, einkum til samanburðar. Gögn Fiskistofu, Byggðastofnunar og Sambands íslenskra sveitarfélaga árin 2008-2023 verða nýtt og viðurkenndum tölfræðilíkönunum beitt. Markmið verkefnis er að meta árangur ofangreindra kerfa í þeim tilgangi að greina betur áhrif á tekjur sveitarfélaga og geta þannig lagt til hlutlægt efni inn í umræðuna um stjórn fiskveiða. Upplýsingarnar ættu að nýtast til að bæta ákvarðanatöku stjórnvalda og bæta þar með árangur og arðsemi veiða við strendur Íslands.

2. Tviéggjað sverð, leki óstaðbundinna starfa til höfuðborgarsvæðisins.

Styrkþegi er Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri, Hjalti Jóhannesson. Styrkuppþæð: 3.960.000 kr.

Verkefnið felst í að finna dæmi um og ástæður fyrir því að óstaðbundin störf hafa flust frá landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins. Leitað verður að upplýsingum um störf sem áður var sinnt á starfsstöðvum á landsbyggðinni en hafa flust. Haft verður samband við opinber fyrirtæki og stofnanir um afstöðu þeirra til þessa og um áhrif á þróun byggðar. Flutningur starfa getur gerst með nýráðningum eða að fólk flytur til höfuðborgarsvæðisins með störf sín. Vitneskju vantar um málið og miðar rannsóknin að því að bæta stöðu þekkingar. Þróun mála og staða verður kortlögð og bent á leiðir til viðbragða.

² Athugið að röðun verkefna felur ekki í sér mat á gæðum umsókna/verkefna.

3. Skipulag sjálfbærrar landbúnaðarframleiðslu á Íslandi.

Styrkþegi: Salvör Jónsdóttir, Háskóla Íslands. Styrkuppþæð: 4.000.000 kr.

Rannsóknin fjallar um skipulag landbúnaðarlands og sjálfbæra matvælaframleiðslu. Í henni eru alþjóðlegar fræðigreinar og íslensk stefnuskjöl rýnd, auk þess er byggt á viðtölum við lykilhaghafa. Ályktanir um hvernig samþætta megi landnotkunarskipulag og matvælaframleiðslu verða byggðar á greiningu á íslenskum aðstæðum og reynslu annarra þjóða. Niðurstöður munu nýtast skipulagsyfirlöndum á land- og sveitarfélagastigi, bændum og matvælaframleiðendum til að stuðla að sjálfbærari matvælaframleiðslu.

4. Samvinna og samræming áfangastaðastofa og sveitarfélaga um sjálfbæra ferðamála-þróun.

Styrkþegar: Anna Karlsdóttir og Íris Hrund Halldórsdóttir, báðar við Háskóla Íslands. Styrkuppþæð: 3.736.800 kr.

Í verkefninu verður rannsakað hvernig áfangastaðastofur landshlutanna vinna með sveitarfélögum að sjálfbærri þróun ferðaþjónustu. Hver er áherslan á vinnu gegn óæskilegum átroðningi (overtourism) og að hvaða leyti eru viðbrögð við áskorunum sem felast í mikilli fólksfjölgun (ferðamenn eða starfsfólks í ferðaþjónustu) á einstökum svæðum á dagskrá í samstarfinu? Hvaða áhrif hefur gjaldtaka ríkisins í ferðaþjónustu á sýn og stefnumótun svæðis. Hvernig fer þetta samstarf fram í reynd og hverju skilar það? Niðurstöður verkefnisins munu gagnast sveitarfélögum, áfangastaðastofum og stefnumótendum í ferðaþjónustu til að bæta samhæfingu og stefnumótun í sjálfbærri þróun ferðaþjónustunnar. Með því að greina hvernig stefnumótun virkar í framkvæmd mun verkefnið varpa ljósi á hvort og hvernig sjálfbærni-markmið ferðamálastefnunnar skila sér í stefnumörkun og aðgerðum á svæðisbundnum vettvangi.

5. Erlendar fjárfestingar í jörðum á Íslandi. Sýn á áhrif af þróun byggða og samheldni íbúa.

Styrkþegar: Anna Karlsdóttir og Magnfríður Júlíusdóttir, báðar við Háskóla Íslands. Styrkuppþæð: 2.410.000 kr.

Verkefninu er ætlað að auka þekkingu á viðhorfum íbúa dreifbýlis á Íslandi til erlendra fjárfestinga á landi, bæði til eignar og langtímaleigu. Könnuð verður mismunandi sýn á umræddar fjárfestingar eftir fyrirhugaðri auðlindanýtingu og atvinnustarfsemi. Á undanförunum áratugum hafa uppkaup á jörðum til náttúruverndar, til uppbyggingar ferðaþjónustu, til kolefnisbindingar, til skógræktar og til vatnsnýtingar aukist umtalsvert og þá sérstaklega umfang erlendra fjárfesta í kaupum á jarðnæði. Markmið rannsóknar er að skilja betur hvaða áhrif breytingar á eignarhaldi og nýtingu jarða og landeigna hafa á svæðisbundna samheldni og sýn á framtíðar byggðapróun.